



Avanti - ráðgjöf ehf

STARFSLÝSING PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA

Kóði:	
Útgáfa:	
Dagsetning útgáfu:	
Höfundur:	
Samþykkt af:	
Trúnaðarkvöð:	

Breytingasaga

Dagsetning	Útgáfa	Búið til af	Lýsing á breytingum



Efnisyfirlit

1.	TILGANGUR	4
2.	STAÐA	4
3.	SKYLDUR.....	4
4.	ÁBYRGÐ.....	5
5.	GILDISTÍMI OG SKJALASTJÓRNUN	5

1. Tilgangur

Til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar ESB um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga (hér eftir GDPR) og tryggja viðvarandi hlíti við GDPR í allri kjarnastarfsemi [Nafn fyrirtækis] (hér á eftir nefnt "fyrirtækið") var ákveðið að stofna starf Persónuverndarfulltrúa.

Persónuverndarfulltrúi(DPO) ber ábyrgð á því að tryggja hlítu fyrirtækisins við GDPR í allri vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrirtækinu.

2. Staða

Persónuverndarfulltrúi er sjálfstæð eining innan fyrirtækisins og heyrir beint undir stjórn fyrirtækisins.

Til að tryggja sjálfstæði Persónuverndarfulltrúa skal honum eða henni ekki sagt upp störfum eða beittur agaviðurlögum við framkvæmd starfsskyldu sinna sem henni er lýst í liðum 1 til 11 í næsta kafla.

Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra skal Persónuverndarfulltrúi ekki vera í stöðu innan fyrirtækisins þar sem hann eða hún kemur að því að ákvarða tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

3. Skyldur

Ábyrgð Persónuverndarfulltrúa skal fela í sér eftirfarandi:

1. Útvega og viðhalda nauðsynlegum gögnum til að sýna fram á hlítu við GDPR, þ.m.t, en ekki takmarkað við stefnu, verklagsreglur, sniðmát, eyðublöð og tryggja að þau séu uppfærð.
2. Upplýsa og veita sérfræðingsráðgjöf til allra starfsmanna varðandi skyldu þeirra til að fara að ákvæðum GDPR og viðeigandi lögum og reglugerðum við vinnslu persónuupplýsinga .
3. Fylgjast með að farið sé að GDPR og viðeigandi lögum og reglugerðum ásamt því að upplýsa hagsmunaaðila innan fyrirtækisins um allar breytingar tímanlega.
4. Vera tengiliður við eftirlitsyfirvaldið um málefni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga og að hafa samráð við eftirlitsyfirvöld, ef þörf krefur, í öðrum atriðum sem tengjast persónuupplýsingum.
5. Vera tengiliður fyrir starfsmenn og alla gagnaviðfanga og vinna með öllum starfsmönnum varðandi atriði sem tengjast persónuupplýsingum.
6. Tryggir að námskeið og vitundarþjálfun sé í boði öllum starfsmönnum sem taka þátt í vinnslu persónuupplýsinga.
7. Veitir sérfræðiráðgjöf og leiðbeiningar um áhættumat varðandi vinnslupersónuupplýsinga (DPIA), þar á meðal að framkvæma eða fylgjast með frammistöðu DPIA gagnvart kröfum í 35. gr. GDPR
8. Þróar ferli og verklagsreglur til að tilkynna brot á persónuupplýsingum og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa viðkomandi hagsmunaaðila eins og kveðið er á um í 33. og 55. gr. GDPR
9. Fylgist með hlítu við Stefnu um verndun persónuupplýsinga og önnur innri skjöl varðandi verndun gagna.
10. Býr til, vistar og viðheldur skrá yfir vinnsluaðgerðir byggðar á upplýsingum sem deildir innan félagsins sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, veitir honum eða henni.
11. Ráðleggur félaginu varðandi persónuverndarmál gagnvart á þeim vettvangi sem söfnun persónuupplýsinga er safnað, samkvæmt 13-15. gr. GDPR

Taka má tillit til eftirfarandi ábyrgðaratriða ef þau eru ekki í bága við ofangreind atriði 1-11 :

1. Endurskoða/þróa öryggisaðferðir og aðrar eftirlitaðferðir til verndar persónuupplýsingum.
2. Setja upp viðeigandi eftirlitsþætti til að tryggja og viðhalda trúnaðarkvöð, heilleika og aðgengi persónuupplýsinga.
3. Koma að áætlun um samfelldan rekstur og áætlun um endurheimt eftir hamfarir, til að tryggja að tekið sé tillit til vinnslu persónuupplýsinga.

4. Ábyrgð

Persónuverndarfulltrúa er hér með veitt heimild til að fá aðgang að öllum eignum félagsins varðandi vinnslu og geymslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að meta notkun og öryggi persónuupplýsinga.

Starfsmenn skulu sýna fullan samstarfsvilja við Persónuverndarfulltrúann þegar þeir vinna framangreind verkefni.

5. Gildistími og skjalastjórnun

Þetta skjal gildir frá og með [degi].

Eigandi þessa skjals er [starfsheiti], sem verður að rýna og, ef nauðsyn krefur, uppfæra skjalið a.m.k. einu sinni á ári.

[starfsheiti]

[nafn]

[undirskrift]